

öllum greinum, bæði ákvæði hans um skuldarupphæðina, um vexti og um málskostnað, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnan fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr. Svo þykir og eftir málavöxtum rétt, að áfrýjandi greiði sekt fyrir þarflausa málsýfingu samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819; ákveðst sektin samkvæmt þessu lagabódi, sbr. við tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., 10 kr., og rennur í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Halldór Bjarnarson prestur í Presthólum greiði stefnda Ásgrími Magnússyni málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 40 kr. Svo skal áfrýjandi og greiða sekt til landssjóðs 10 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1903:

Jón Þorkelsson
gegn
Bjarna Símonarsyni.

D ó m u r:

Með framsali, gjörðu 20. okt. 1902, afsalaði verzlunarstjóri J. P. T. Brydes verzlunar í Reykja-

vík áfrýjandanum cand. jur. Jóni Þorkelssyni í Reykjavík skuld að upphæð 181 kr. 84 a., sem greind verzlun taldist eiga hjá hinum stefnda Bjarna Simonarsyni frá Hallstúni, nú í Reykjavík, Jón Þorkelsson lögsótti síðan Bjarna Simonarson til greiðslu skuldarinnar fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og með dómi téðs réttar, uppkveðnum 26. marz þ. á., var Bjarni Simonarson dæmdur til að greiða Jóni Þorkelssyni 74 kr. 83 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti var skuldakröfunni hrundið; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir cand. jur. Jón Þorkelsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 22. júní þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að sér verði dæmd öll hin umstefnda upphæð 181 kr. 84 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, og málskostnaður fyrir báðum réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir réttarins mati. Stefndi Bjarni Simonarson hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verður staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjad sökinni, er enginn ágreiningur um þær 74 kr. 83 a., sem bæjarþingsdómurinn hefir tildæmt áfrýjanda, en þetta var skuld stefnda til J. P. T. Brydes-verzlunar, sem staðið hefir óbreytt síðan 12. maí 1892. Hinn annar hluti hinnar umkröfðu skuldar, kr. 107,01, hefir skapast við úttekt stefnda hjá Brydes-verzlun frá 31. des. 1901 til 8. marz 1902.

Þennan hluta skuldarinnar telur stefndi sér óskylt að borga, og ber fyrir sig ákvæði í farmannalögum 22. marz 1890, 58. gr. 2. másl. Telur hann að úttekt þessi hafi verið fyrirframborgun upp í kaup hans sem háseta ráðins á þilskipaútveg Brydes-verzlunar árið 1902. Það er nú og sannað með ráðningarsamningi, er stefndi gjörði 31. des. 1901, að hann réð sig sem háseta á skip J. P. T. Brydes-verzlunar í Reykjavík »frá því skipið fer á fiskiveiðar, og til þess tíma það hættir þeim«, og var kaupið þannig umsamið: » $\frac{1}{2}$ dráttur, borga salt og verkun kr. 8,00 per verk að skipfund; alt tros frítt og salt í það. Borgun greiðist sem hér segir: $\frac{1}{2}$ í peningum og $\frac{1}{2}$ í vörum«. Þegar útgjörðartími þilskipa byrjaði veturinn 1902, fór stefndi í skiprúmið, samkvæmt ráðningarloforði sínu, en eftir 5 daga útivist varð skipið að leita til hafnar aftur sem ósjófært, og varð ekkert úr útgjörð þess það árið. Stefndi misti þannig af skiprúminu og atvinnu sinni. Þrátt fyrir mótmæli áfrýjanda verður að álíta, að úttekt sú, sem stefndi fékk við Brydes-verzlun frá 31. des. 1901 til 8. marz 1902, hafi einmitt verið veitt honum með tilliti til þess, að hann var ráðinn háseti á útveg verzlunarinnar, og að ætlast hafi verið til þess, að úttektin endurborgaðist af kaupum hans um útgjörðartímann, og getur þetta vel komið heim við ráðningarsamninginn, því að í honum segir: »borgun (o: fyrir hálfdrættið) greiðist $\frac{1}{2}$ í peningum, $\frac{1}{2}$ í vörum«, en af úttektinni eru 30 kr. í peningum, hitt í búðarvarn-

ingi. Þetta styrkist og við það, að stefndi, sem tjáist vera fátækur maður, hafði engin viðskifti haft við Brydes-verzlun frá því snemma á árinu 1892 og þangað til hann réðst sem háseti á útgjörð verzlunarinnar 31. des. síðastl.; skuld hans við verzlunina hafði staðið öll þessi ár óbreytt, en þá fær hann aftur nýja úttekt að verulegum mun, án þess að borga hina eldri skuld sína. Það verður því að fallast á það álit undirdómarans, að úttekt stefnda frá 31. des. 1901 til vertíðarbyrjunar 1902 verði að skoða sem meðtekna fyrirframgreiðslu upp í kaup hans, en þá er hún eigi afturkræf samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði farmannalaganna, með því að stefndi varð að fara af skipinu sökum þess, að það varð ósjófært fyrir slys. Það verður því að fallast á þau úrslit, sem mál þetta hefir fengið í héraði, og þar eð málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist, skal téður dómur vera óhaggaður í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi cand. jur. Jón Þorkelsson greiði stefnda Bjarna Símonarsyni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8

vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför
að lögum.

Mánudaginn hinn 9. nóvembermán.

Nr. 7/1903:

Samson Eyólfsson

gegn

Hannesi Hafstein.

D ó m u r:

Ádaláfrýjandinn Samson Eyólfsson á Ísafirði höfðaði mál þetta í héraði gegn gagnáfrýjandanum Hannesi Hafstein, bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir ýms ummæli í bréfi, sem Hafstein ritaði amtmanninum yfir Vesturamtinu hinn 5. febr. 1900, en Samson taldi meiðandi fyrir sig. Málið var dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 31. desembermán. f. ár, með þeim úrslitum, að nokkur af hinum áttöldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Hannes Hafstein var dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara til þess, að sæta 6 daga einföldu fangelsi, og loks til þess að greiða 30 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Samson Eyólfsson skotið til yfirréttarins með stefnu útgefni 26. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að öll ummæli þau, sem hann hefir átalið, verði dæmd dauð og ómerk, að hin ídæmda hegning verði hækkuð og að stefndi (gagnáfrýjandi) verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, eða með nægilegri upphæð að mati réttar-